


## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Júlíusdóttur um fjölda stofnana ríkisins.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver hefur þróunin verið í fjölda stofnana ríkisins, opinberra hlutafélaga og ríkisfyrirtækja á árunum 1990–2015? Svar óskast sundurliðað eftir árum.*

Til að svara fyrirspurninni á markvissan hátt er ríkisstofnun skilgreind sem stofnun í A-hluta sem greiðir starfsmönnum laun. Árlega þróun fjölda ríkisstofnana á árunum 1990–2015 má sjá í eftirfarandi línuriti.



Allt frá gildistöku laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, fram til þess er lög um opinber fjármál, nr.123/2015, tóku gildi 1. janúar 2016 voru ríkisaðilar flokkaðir í fimm hópa, A-, B-, C-, D- og E-hluta ríkissjóðs. Til B-hluta töldust ríkisfyrirtæki sem ekki voru hlutafélög en byggðu afkomu sína á sölu til almennings og fyrirtækja. Stofnanir í E-hluta voru öll hluta- og sameignarfélög sem voru í meirihlutaeigu ríkisins. Fyrir gildistöku laga um fjárreiður ríkisins kom umfang ríkisins ekki nema að hluta til fram í fjárlögum og ríkisreikningi, en þá

var ekki getið um fjölda eða umfang hlutafélaga í eigu ríkisins. Því er ekki hægt að skoða þróun fjölda stofnana í B- og E-hluta fyrir gildistöku þeirra laga. Á eftirfarandi súluriti má sjá árlega þróun fjölda A-, B- og E-hluta á árunum 1998–2014.

